

Fundur Skólaráðs

16.11.22

Mættir: Friðrik, Katla, Dóra, Ester, Hugrún, Matthildur, Heiðrún, Freydís.

Dagskrá

1. Hlutverk Skólaráðs
2. Skólanámskrá
3. Starfsáætlun – Skólaráðs
4. Opinn fundur skólaráðs
5. Öryggismál
6. Foreldrasamstarf.
7. Líðan og velferð
8. Skólapúlsinn
9. Önnur mál

Fundargerð

1. Hlutverk skólaráðs

Friðrik fór yfir hlutverk Skólaráðs, hverjir sitja skólaráð og til hvers er ætlast. Skólaráð hittist a.m.k. 4x yfir skólaárið og þar af er einn opinn fundur.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) hefur fjölgað í skólanum. Ný stofa fyrir kennslu ÍSAT nemenda hefur verið útbúin í skólanum.

Friðrik & Katla sögðu frá nýjum nemendum frá Sýrlandi sem eru að flytja til Dalvíkur á föstudaginn.

Dóra spyr um hlutfall erlendra nemenda í skólanum, sem er um 25%.

Friðrik talaði um að búið sé að leggja niður Menntamálastofnun og að umræður í samfélaginu um skóla eru neikvæðar, lestur hjá strákum o.fl.

2. Skólanámskrá

Er unnin á fyrri hluta árs og tekin fyrir í skólaráði og birtist á heimasíðu. Farið óformlega yfir skólanámskrá, gerum það síðar í vetur. Lífandi plagg sem breytist jafnt og þétt.

Dóra spurði um skólanámskrá vegna nýrrar menntastefnu hvort áherslur í henni breytist þá ekki vegna menntastefnunnar. Friðrik svaraði því að skólinn væri ekki komin nógu langt í þeirri vinnu að breyta skólanámskránni.

3.-4. Starfsáætlun og opinn fundur skólaráðs

Næstu fundir skólaráðs eru áætlaðir:

18. janúar 15:00 -16:00

8. mars 15:00 – 16:00

27. apríl – opinn fundur 16:00-17:00

Í samræmi við umræður um önnur mál var ákveðið að opinn fundur verði í janúar og ný menntastefna verði á dagskrá.

Dóra spyr um fundargerðir, þær fara inn á heimasíðu skóla.

5. Öryggismál

Heilbrigðiseftirlitið er búið að taka skólahúsnæðið út og búið er að skila skýrslu til skólans. Það er ýmislegt sem þarf að laga en heilt yfir er öryggi í skólanum gott.

Umræður um tímamörk lagfæringa. Smávægilegar lagfæringar getum við lokið við að gera innan mánaðar. Stærri lagfæringar 1-3 mánuðir eða þegar nemendur eru í skólafríum.

Athugasemdir komu fram um skólalóð og leiktæki. Mikilvægt að öll tæki séu í lagi og viðhaldi sinnt enda eru skólalóðin nýtt af bæjarbúum utan skólatíma.

6. Foreldrasamstarf

Rætt um virkni foreldra og foreldrastarf í skólum. Heimili og skóli hefur útbúið fræðslu fyrir foreldrafélög og skólaráð og er tilbúið að koma í skóla með fræðslu.

Umræður: Virkja foreldra í foreldrastarf: Hvernig gerum við það? Virkja foreldrafélag, foreldrafulltrúa.

Haustfundir voru illa sóttir af foreldrum.

Samstarfsfundir: Fyrirkomulagi þeirra velt upp. Er þetta besta leiðin?

Kynningarnar á eldra stigi – ágæt aðsókn í það.

Heimili og skóli – ráð til að virkja foreldra.

Hafa foreldrar vettvang til að koma og spjalla um kennslu og starfshætti.

Foreldrafélagið? – Fáir mæta á fundi. Það er ekki virkt? Hvert er þeirra hlutverk?

Skólastjórn – átt fund með foreldrafélaginu, samtal hvernig er hægt að virkja foreldra inn í skólastarfið.

Mjög mikilvægt að virkja foreldrafulltrúa og samveru bekkjarins utan skóla.

7. Líðan og velferð

Unnið er að líðan og velferð nemenda en rannsóknir benda til að líðan barna hafi versnað á síðustu árum. Mikilvægt að hlúa vel að aðstæðum nemenda.

Setja á heimasíðuna, hver er verklagsregla skólans ef nemendur opna á vanlíðan.

Skólahjúkrunarfræðingur er staðasettur í skóla alla fimmtudaga 8:30 -16:00 og mun verða tvo daga í viku eftir áramót.

Rætt um síma og tækjanotkun barnanna okkar. Meiri umræða, sem þarf að fylgjast með og taka upp.

Endurmenntun kennara þarf að vera meiri um líðan og velferð nemenda jafnhliða kennslufræðilegri starfsþróun.

8. Önnur mál

Tekið fyrir eftirfarandi erindi frá Gunnþóri E. Gunnþórssyni:

Skólaráð Dalvíkurskóla

Dalvík 14. nóvember 2022

Efni: Staða innleiðingar Menntastefnu Dalvíkurbyggðar

Ágætu fulltrúar í skólaráði Dalvíkurskóla.

Í júní 2021 var samþykkt ný Menntastefna Dalvíkurbyggðar samhljóða í sveitarstjórn.

Í inngangi segir:

Menntastefnan var mótuð í góðu og miklu samráði við fjölmarga aðila, foreldra, starfsfólk, kjörna fulltrúa og þar að auki fengu allir íbúar tækifæri til að koma ábendingum sínum og tillögum að á seinni stigum vinnunnar.

Menntastefnan er lýsing á þeim áherslum og vinnubrögðum sem samstaða hefur náðst um að viðhafa í starfi leik-, grunn- og tónlistarskóla, en þar er áherslan á skapandi og gagnrýna hugsun í forgrunni. Með menntastefnunni er lagður grunnur að menntun barna á öllum skólastigum, sem á að tryggja að þau verði fær um að stunda frekara nám og þátttöku í samfélaginu þannig að þau geti í framtíðinni átt farsælt lífshlaup.

Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skólanna eru í lykilhlutverki við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og er stuðningur og eftirfylgni sveitarfélagsins forsenda þess að vel takist til.

Hér má kynna sér stefnuna og markmiðstöflunar:

Menntastefna Dalvíkurbyggðar 2021-2026

- Markmiðstafla stefnumörkun, innra mat og starfsþróun*
- Markmiðstafla skipulag og stjórnun*
- Markmiðstafla starfsfólk*
- Markmiðstafla leik- og námsumhverfi*
- Markmiðstafla foreldrar og grenndarsamfélag*
- Markmiðstafla nemendur*

Menntastefnan er metnaðarfull með skýrum markmiðum, viðmiðum og aðgerðum og mikilvægt að hún sé innleidd markvisst og allir í skólasamfélaginu þekki stefnuna, svo þeir geti tekið þátt í að auka gæði skólastarfsins, því það er sameiginlegt verkefni okkar allra, foreldra, starfsfólks og nemenda.

Mér þykir lítið hafa farið fyrir stefnunni og til dæmis ekkert rætt um hana á fundum fræðsluráðs í haust (sendi fræðsluráði annað erindi fyrir fund þess í desember) og í samskiptum mínum og upplýsingaflæði frá Dalvíkurskóla (þar sem börnin mín þrjú stunda nám) er nær aldrei rætt um menntastefnuna og innleiðingu en vonandi stendur það til bóta.

Ég vil leggja áherslu á að fulltrúar foreldra í skólaráði beiti sér fyrir því að skýrt sé hvernig innleiðingu á menntastefnunni sé háttað, að innleiðingaráætlunin sé opinber, skýrar aðgerðir til staðar þar sem hægt er að fylgjast með framvindunni og styðja við þær ef mögulegt er.

Meðal verkefna skólaráðs er einmitt að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Öll getum við verið sammála því að við ættum að tala miklu meira um allt það jákvæða og góða sem fram fer í skólanum og menntastefnan og markmiðstöflurnar eiga að hjálpa okkur við að eiga samtal um hvað er gott og jákvætt og virkar og hvað skilar ekki árangri og við ættum að hætta að gera.

Menntastefnan var unnin á lýðræðislegan hátt og gengur út á það að hjálpast að við að gera enn betur hvert með okkar hæfileikum nemendum í hag. Nám, kennsla og skólaþróun við innleiðinguna á að vera í forgangi með stuðningi við kennara til þess að útfæra enn frekari gæði í skólastarfinu.

Ég vil hvetja fulltrúa í skólaráði, fulltrúa foreldra fyrir mína hönd sem foreldri, til þess að setja innleiðingu menntastefnunnar á dagskrá sem áherslumál nú þegar því innleiðing hennar er lykilatriði til þess að ná fram settum markmiðum og auka gæði skólastarfsins.

*Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
faðir þriggja barna í Dalvíkurskóla
gunnthoreyfjor@gmail.com*

ATH efni þessa bréfs á fullt erindi til annarra foreldra og óskast því birt í fundargerð og er á engan hátt trúnaðarmál.

Friðrik sagði frá því að innleiðingarstarf væri með aðstoð frá Háskólanum á Akureyri og að við höfum ekki náð eins langt og við hefðum vilja. Mikil vinna hefur farið í starfsanda, trúnað og traust, teymiskennslu sem hefur gengið vel og góður starfsandi er nú í skólanum. Háskólinn veitir kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og aðra sérfræðinga sem aðstoða við skólann.

Spurt hvort HA haldi utan um innleiðingu menntastefnunnar? Friðrik svaraði því að það væri eitt að samstarfsverkefnum sem háskólinn komi að.

Dóra spurði um gerð innleiðingaráætlunar? Hvernig var hugsað að þetta kæmist inn í skólastarfið. Hverjar eru vörðurnar?

Rætt um að menntastefnan, umræður um hana og innleiðingaráætlun þurfi að birtast á heimasíðu. Rætt um að opin fundur skólaráðs verði í janúar með áherslu á nýja menntastefnu sveitarfélagsins.

Umræða um heimasíðu skólans. Dóra – áminning um að uppfæra heimasíðuna. Setja inn fréttir.

Fleira ekki fært til bókar.

Katla Ketilsdóttir, deildarstjóri eldra stigs, ritaði fundargerð.

Opinn fundur skólaráðs 9. febrúar 2023

Mættir auk skólaráðs, fulltrúar úr fræðsluráði, frá fræðslusviði og foreldrar alls 14 manns.

Friðrik skólastjóri bauð gesti velkomna og Gunnar Gíslason frá Miðstöð skólaþróunar við HA sem kynnti menntastefnu sveitarfélagsins.

Í framsögu Gunnars kom fram að mikið og gott samráð hafi verið við hagaðila í vinnu og undirbúningi menntastefnunnar. Stefnan gengur út á að tilgreina hvert við viljum fara, hvert við stefnum og hver markmiðin og viðmiðin eru. Hún þarf að vera skýr en getur verið háfleg. Nafn stefnunnar *Í hverju barni býr fjársjóður* er stefna sem gengur út á að virkja börn mennta og undirbúa fyrir farsælt lífshlaup, efla siðvit og verkvit, þroska nemendur og samkennd þeirra og hæfni í fjölmennningarlegu og síbreytilegu samfélagi.

Velferð og hagsmunir nemenda skulu ávallt hafðir að leiðarljósi og að allir geti náð árangri. Forsenda stefnunnar er að nemendur þjálfist til að takast á við síbreytileg verkefni í samfélagi sem við vitum ekki hvernig verður

Gunnar fór yfir helstu þætti stefnunnar og hlutverk aðila skólasamfélagsins, stuðning við nám og kennslu, hvernig stefnan er metin í sjálfsmati, hugmyndir um lærdómssamfélagið, námsumhverfið, hlutverk nemenda, starfsfólks, kennara og foreldra.

Alls eru sex þættir/markmið metnir reglulega og settir upp í markmiðstöflu.

Mikilvægt að hafa í huga að það þýðir ekki að segja fólki að breytast eða breyta einhverju. Það þarf stuðning og þjálfun til að innleiða breytingar.

Umræður

- Vanlíðan og áherslu á farsæld barna sem er mikið í umræðunni.
- Hvernig á að bæta skólastarf út frá markmiðstöflum?
- Hvernig markmiðin eru metin og hvaða leiðir eru farnar.
- Hvar skólinn stendur hvað er á fimmta stigi sem eru fyrirmyndar vinnubrögð og hvað er ekki komið jafn langt. Mikilvægt að skólinn meti stöðu sína á markvissan hátt.
- Starfsfólk hefur verið að meta markmið/matsþætti, hvar teymin standa, hvernig þeim finnst þau standa sig, í hverju þau eru góð og af hverju.
- Hvernig hægt er að meta markmiðin án þess að vera að meta of mörg í einu.
- Stefnt er að breytingum á kennsluháttum á unglingastigi, horfa á nám barna á nýjan hátt út frá hæfni og markmiðum og að verkefni og skil taki mið af því. Gert er ráð fyrir því að engin formleg stundatafla verði notuð heldur er skóladagurinn nýttur til fjölbreyttrar vinnu, verkefnamiðað og hæfnimiðað nám.

Fundargerð ritaði

Friðrik Arnarson

15.03.23

Skólaráðsfundur

Mættir: Dóra, Matta, Huguín, Friðrik, Katla og Freyðís

Dagskrá:

1. Menntastefna og áherslur í skólastarfi, fundargerð opins fundar skólaráðs

Friðrik fór yfir opinn fund skólaráðs sem var haldinn 9. febrúar. Gunnar Gíslason stjórnaði fundinum, fór yfir menntastefnuna og þá vinnu sem hefur farið fram í teyðum. (Traust og samstarf). Hægt að sjá fundargerð frá þeim fundi á vef.

Hugga – kom inn á matslistana hvar erum við að tikka inn hvar ekki. Vantar betri yfirsýn.

Friðrik sýndi tíglaverkefnið sem starfsfólk skóla er að vinna með frá Gunnari Gísla og útskýrði tengslin við nýja menntastefnu.

Umræður:

Freyðís – nefnir afskiptaleysi foreldra, mjög mikið. Virkja þarf foreldra.

Matta nefnir að foreldrar nenna ekki að gera neitt með nemendum tekur dæmi hópefli eftir skóla, bekkjarkvöld eða einhverskonar hittingur. Nýlegt dæmi úr 8. bekk þar sem í 30 nemendabekk voru 2 foreldrar til í að gera eitthvað.

Katla nefnir að það hafi verið haldin fyrirlestur fyrir stúlkur á unglingastigi og það hafi verið skildu mæting og það hafi virkað til að fá foreldra í.

Getur skólinn sett að sér það markmið að setja meira af jákvæðum upplýsingum. Ekki 10 pósta um neikvæð atvik nemenda þá verður upplifun foreldra af skólanum nógu góð.

2. Kynning á fjárhagsáætlun

Friðrik fór yfir fjárhagsáætlun Dalvíkurskóla .

Rætt yfir eignir skólans. Blýanta, strokleður ofl. – þarf að endurskoða stefnuna okkar með að skaffa alltaf allt.

3. Kynning á innra mati skólans

Friðrik fór yfir foreldrakönnun – skólapúlsins.

4. Önnur mál

Á næsta fundi verða nemendur, þau eiga að kynna hvers þau vænt af skólanum og hvernig hann er. Námið og líðan.

Næsti fundur 26. apríl.